Nr. 1264 10. desember 2013

# GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu í Dalvíkurbyggð.**

1. gr.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (urðunar- og sorphreinsigjald).

2. gr.

Sorphirðugjaldið er lagt á hverja íbúð í lögsagnarumdæmi Dalvíkurbyggðar og er það innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld.

Búrekstraraðilum er gefinn kostur á að greiða sérstaklega fyrir ílát undir búrekstrarúrgang, flutning hans og förgun samkvæmt gjaldskrá þessari. Þá er lagt á búfjáreigendur sérstakt gjald til að standa straum af kostnaði við förgun dýraleifa og tekur gjaldið mið af því að það standi undir kostnaði við förgunina.

3. gr.

Sorphirðugjaldið og úrvinnslugjald á endurvinnslustöð á Dalvík er sem hér greinir:

a) Íbúðir, sorphirðugjald, kr. 31.400.
b) Gjöld vegna úrgangs sem tekið er á móti í endurvinnslustöð er eftirfarandi:
   Fyrir áætlað lámarksmagn allt að 100 kg eða 1,5 $m^3$ skal greiða í móttöku- og flutningsgjald kr. 2.996 og í urðunargjald kr. 3.615 eða samtals kr. 6.611.
   Fyrir hvert kíló umfram 100 kg greiðist samtals í móttöku- og flutningsgjald 30 kr. og 36 kr. í urðunargjald og fyrir hvern 1,5 $m^3$ umfram 1,5 $m^3$ bætast 2.996 kr. fyrir móttöku- og flutningsgjald og 3.615 kr. í urðunargjald.
c) Ekki er tekið gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, svo sem: pappaumbúðum, plastumbúðum, hjólbörðum, heyrúlluplasti, ýmsum spilliefnum og úreltu ökutækjum.
d) Íbúar Dalvíkurbyggðar þurfa ekki að greiða móttökugjald fyrir úrgang sem tengdur er venjulegum heimilisrekstri á endurvinnslustöð á Dalvík.

4. gr.

Úrvinnslugjald vegna úrgangs frá búrekstri og dýraleifa er eftirfarandi:

a. 240 lítra tunna fyrir almennan úrgang, losuð tvisvar í mánuði, 21.693 kr./ár.
b. 360 lítra tunna fyrir almennan úrgang, losuð tvisvar í mánuði, 28.924 kr./ár.
c. 240 lítra endurvinnslutunna, losuð einu sinni í mánuði, 10.743 kr./ár.
d. Gjald fyrir eyðingu dýraleifa er lagt á heildarfjölda hverrar búfjártegundar samkvæmt búfjáreftirlitsskýrslu og er eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| Nautgripir 727 kr./grip | Sauðfé og geitfé 123 kr./grip |
| Hross 189 kr./grip | Grísir 481 kr./grip |

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar, er staðfest samkvæmt heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, samkvæmt lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum, og öðlast nú þegar gildi.

Jafnframt fellur fyrri gjaldskrá um sorphirðu í Dalvíkurbyggð nr. 1200/2012 úr gildi.
Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 3. desember 2013.

*Dalvíkurbyggð, 10. desember 2013.*

**Svanfríður Inga Jónasdóttir** sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 8. janúar 2014